

## 4. fundur samstarfsnefndar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 15. nóvember kl. 17 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri
- Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.
- Jón Hrói Finnsson RR ráðgjöf

### 1. Tillaga og álit samstarfsnefndar

Ráðgjafar kynntu drög að greinargerð sem lýsir tillögu samstarfsnefndar og álit.

Fulltrúar sveitarfélaganna ræddu áherslur sveitarfélaganna um einstaka þætti og voru gerðar breytingar til samræmis.

Frekari umræðum frestað til næsta fundar.

Ráðgjöfum falið að afla tilboðs frá mannauðsráðgjafa sem verði falið að ræða við lykilstarfsmenn um mögulegar breytingar, ef til sameiningar kemur. Tilboðið verði lagt fram til umræðu á næsta fundi.

### 2. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 25. nóvember kl. 17.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19.10.